

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 4. október 2023.

Staður: Fundarsalur hjá ÍSÍ, Engjavegi 6, Reykjavík.

Hófst kl.16.20 og lauk kl.18.00.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Mór Sveinbjörnsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Hildur Vilhelmsdóttir, Viðar Halldórsson og Aðalbjörg Óladóttir. Forföll: Magnús Gunnarsson.

Dagskrá:

1. Fundur UMFÍ með ÍBH 20. september sl.

Til upplýsinga. Aðalbjörg, Ragnar, Viðar og Elísabet, sátu tveggja tíma fund með UMFÍ, þar sem m.a. var verið að kynna tillögur sem verða lagðar fyrir þing UMFÍ 20. - 22. október 2023. Fundarmenn fengu senda mynd (glæru) sem sýndi greiðslur miðað við nýtt fyrirkomulag (sem verður kosið um á UMFÍ þinginu). Fyrirkomulagið gengur út á breytingu á skiptingu lottótekna og stuðning við íþróttahéruð í formi starfsmanna, ef fjármunir koma frá ríkinu og ef reglum um skiptingu lottótekna er breytt þá rennur 15% af þeim tekjum líka í verkefni, merkt starfsstöð á glæru.

2. Þing UMFÍ 20. – 22. október 2023. Drög að dagskrá

Upplýsingar frá UMFÍ lagðar fram til kynningar.

3. Saga ÍBH 70 ár – 1945 – 2015

Formálinn sem á að birtast í ritinu, lagður fram til kynningar og umræðna.

4. Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Endurnýjun á viðurkenningu ÍBH

Skrifstofa ÍBH hefur haft samband við ÍSÍ og tilkynnt að ÍBH hyggist endurnýja gæðaviðmið sitt á þessu ári. ÍSÍ hefur sent gátlista með því sem þarf að uppfylla, lagt fram til kynningar og umræðna.

5. Lög ÍBH. Bréf frá ÍSÍ dagsett 26. september 2023

ÍSÍ samþykkir lagabreytingar ÍBH frá þingi ÍBH þann 11. maí sl. án athugasemda.

6. Fundur ÍBH með afreksstjóra ÍSÍ og fulltrúum, HÍ, mennta- og barnamálaráðuneyti eða ÍSÍ

Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ kynnti fyrirhugaðar breytingar á skipulagi íþróttamála á Íslandi og Team Ísland. Með honum á fundinum voru Brynja Guðjónsdóttir frá ÍSÍ og Óskar Þór Ármannsson frá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

7. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.